



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 14.02.2020

Kl.: 16:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð

Aðgerð: Aftakaveður á landinu öllu

Lýsing: Ríkislögreglustjóri lýsir yfir óvissustigi almannavarna fyrir allt landið. Ákvörðunin er tekin í samráði við alla lögreglustjóra landsins og í samræmi við veðurspá Veðurstofu Íslands, sem spáir aftakaveðri með appelsínugulum veðurviðvörðunum um allt land.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð á miðnætti 14 febrúar 2020. Samhæfing aðgerða á landsvísu fer fram í Samhæfingarstöðinni. Aðgerðastjórnir í umdæmum landsins voru virkjaðar.

Samantekt

- Veður – aftakaveður um land allt
- Vegakerfi – lokun vega víðtæk
- Raforkukerfi – bilanir víða um land
- Varaafl – varaflsstöðvar notaðar
- Fjarskiptakerfi – truflanir á símasambandi og tetrakerfi v/rafmagnsleysis
- Björgunarsveitir – Fjöldi verkefna um allt land
- Neyðarlínan – mikið álag á 1-1-2
- Rauði krossinn – opnaði fjöldahjálpastöð
- Flugsamgöngur – truflun á flugsamgöngum
- Landhelgisgæslan – aukinn viðbúnaður
- Heilbrigðisstofnanir – hafa verið mannaðar og ekki komið til rofs á þjónustu
- Eignatjón – foktjón víða og nokkuð um sjávarflóð

Staða mála

Veður

Rauðar veðurviðvaranir voru gefnar út af Veðurstofunni þann 14. febrúar fyrir Suðurland, Suðurnes, Faxaflóa, höfuðborgarsvæðið og Suð-Austurland. Rauðar viðvaranir lýsa hættulegum veðrum sem hafa mjög mikil samfélagsleg áhrif og eru slík veður sjaldgæf. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum var úrkoma talsvert minni en spáð hafði verið, en veðurspár gengu að mestu eftir samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni. Upp úr hádegi var vind farið að lægja á sunnanverðu landinu og á höfuðborgarsvæðinu, en þá bætti í vind á vestur- og norðurhelmingi landsins. Eftir hádegið voru appelsínugular viðvaranir í gildi á landinu og síðan gular viðvaranir á suðurhelmingi landsins undir kvöld. Veðurstofa Íslands lýsti yfir óvissustigi vegna snjóflóðahættu á norðanverðum Vestfjörðum. Samkvæmt Veðurstofunni hefur verið mjög hvasst þar, síðan snemma í morgun og skafrenningur til fjalla frá því í gær. Í fyrramálið kemur ný lægð upp að austanverðu landinu með talsverðri úrkomu og vindi.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Vegakerfi/samgöngur

Hringvegurinn var að mestu leyti lokaður fram eftir degi vegna veðurs og ófærðar. Vegagerðin gaf út áætlun um lokanir strax þann 13. febrúar til að þeir sem þurftu að ferðast milli landshluta gætu skipulagt ferðir í tíma. Lokanir fylgdu veðrinu og eftir því sem leið á daginn opnuðu vegir fyrst um Suðurland að Hornafirði.

Raforkukerfi

Mjög víða var rafmagnslaust á landinu og virtist rafmagnsleysið fylgja veðrinu. Byrjaði á Suðurlandi og færðist vestur um þegar leið á daginn. Selta og hvassviðri var á Vesturlandi. Rafmagnslaust var víða hjá RARIK t.d. í Vík, Mýrdal, Biskupstungum, Álftaveri, undir Eyjafjöllum, á Rangárvöllum, í Hvalfirði, Svínadal, Húsafelli og 27 staurar brotnuðu í Landeyjum verið er að vinna að því að koma rafmagni á. Einnig þarf að koma varaafli á svæði þar sem hús eru háð rafmagni til hitunar. Rafmagnslaust var í Sveitarfélaginu Hornafirði vegna truflana í flutningskerfinu og bílana í dreifikerfinu.

Fjarskiptakerfi

Rafmagnslaust var víða á Suður- og Suðausturlandi. Þar sem svo háttar er leitast við að keyra kerfin á varaafli, og keyrðu flestar símastöðvar og farsímstöðvar á varafli á Suðurlandi, en netnotendur hafa verið sambandslausir á stöku stað vegna rafmagnsleysis. Á Norð-Austurlandi hafa verið truflanir á örbylgjusambandi. Þá hafa verið truflanir í almenna farsímakerfinu.

Björgunarsveitir

Fulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar voru í Samhæfingarstöðinni frá miðnætti. Í flestum lögregluumdæmum voru aðgerðastjórnir virkjaðar um nóttina, snemma morguns voru þær flestar orðnar virkar og þar sátu aðgerðarstjórnendur björgunarsveita ásamt fulltrúum annara viðbragðsaðila.

Um 800 björgunarsveitarmenn komu að verkefnum tengdum veðrinu. Verkefni sem björgunarsveitir ásamt öðrum viðbragðsaðilum sinntu víða um land voru rúmlega 700. Helstu verkefni voru vegna foktjóns á lausamunum og byggunum, víða fuku klæðningar af byggingum, eitthvað var um að gluggar og hurðir brotnuðu einnig þurfti að huga að bátum í höfnum.

Björgunarsveitafólk mannaði lokunarpósta á 17 stöðum í samráði við Vegagerðina og áætlun hennar um lokanir á vegum sem þó tók breytingum að teknu tilliti til þróunar veðursins. Tilkynnt var um eitt slysa tengt veðrinu, þar sem karlmaður slasaðist illa þegar þakplata f auk á hann í Hvalfirði. Björgunarsveitafólk sótti manninn og ók með hann til mótst við sjúkrahús, sem flutti hann á Landsspítala.

Fyrstu aðstoðarbeiðnir fóru að berast upp úr miðnætti og helstu verkefni næturinnar vour í Vestmannaeyjum. Á sjötta tímanum voru björgunarsveitir á höfuðborgarsvæðinu og suðurlandi komnar í viðbragðsstöðu og þá fóru að berast verkefni á þeim slóðum. Seinna um morguninn bættist við Suðurnes, Suð-Austurland og Vesturland. Upp úr hádegi fór að róast á syðri hluta landsins og nú hefur björgunarsveitarfólk á þar lokið störfum, enn eru þó að berast tilkynningar um verkefni á Norðurlandi og Vestfjörðum.

Neyðarlínan

Neyðarlínan var með auka fólk á vaktinni auk þess að manna sína stöðu í Samhæfingarstöðinni frá miðnætti. Mikið álag var upp úr klukkan 8:00 í morgun og voru símtöl orðin 450 um 11:00. Þegar mest lét voru um 100 símtöl á klukkustund. Um klukkan 15:00 eru símtölin orðin 665 sem er um það bil 200 fleiri símtöl en að meðaltali á sólarhring



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Rauði krossinn

Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöð klukkan 21:30 þann 13. Febrúar. 24 gistu í fjöldahjálparstöðinni allt erlendir ferðamenn. Fjöldahjálparstöðin verður opin þar til veður gengur niður og vegir opnast. Ferðamenn fá þar viðurgjörning og aðstoð.

Flugsamgöngur

Allt flug hefur legið niðri í dag bæði innanlands og milli landa. Utanlandsflug frá Keflavíkflugvelli er á áætlun klukkan 16:00. Ekkert flug er á áætlun innanlands hjá Air Iceland Connect

Landhelgisgæslan

Landhelgisgæslan er með aukinn viðbúnað vegna óveðursins sem gengur yfir landið. Varðskipið Þór fór frá Reykjavík á fjórða tímanum í gær og hélt á Vestfirði. Skipið er nú í Ísafjarðardjúpi. Alla jafna er eitt varðskip á sjó hverju sinni en vegna veðursins var ákveðið að áhöfnin á varðskipinu Tý væri í viðbragðsstöðu í Reykjavík til hádegis á laugardag. Enn fremur eru tvær þylur til taks auk tveggja þyluáhafna ef á þarf að halda.

Í gær hvatti Landhelgisgæslan eigendur og umsjónarmenn skipa og báta að huga að þeim vegna þessa slæma veðurs.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Starfsmenn almannavarnadeildarinnar hafa staðið vaktina í Samhæfingarstöðinni frá miðnætti og samhæft aðgerðir með öðrum viðbragðsaðilum.

Heilbrigðisstofnanir

Minniháttar raskanir hafa verið á starfsemi heilbrigðisstofnana vegna óveðursins en ekki hefur verið rof á þjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu var tímabókunum var breytt eða frestað, ráðgerðum aðgerðum var frestað og vaktaskipti á sólarhringsdeildum færð til, til að tryggja öryggi starfsfólks á leið til vinnu. Á öðrum stöðum naut heilbrigðisstarfsfólk aðstoðar björgunarsveita til að komast til og frá vinnu og sinna vitjunum. Heilsugæslan og hjúkrunarheimilið Skjólgarður á Höfn í Hornafirði var rafmagnslaust um tíma en var útvegað varaafli.

Einhver slys hafa verið á fólki en áverkar hafa verið minniháttar. Ekki hafa borist fregnir af afleiðingum vegna rafmagnsleysis.

Eignatjón

Erfitt er að meta eignatjón á þessari stundu en ljóst er að talsvert tjón hefur orðið bæði í raforku og fjarskiptakerfinu. Einnig hefur orðið talsvert foktjón í öllum landshlutum.

Náttúruhamfaratrygging Íslands greiðir tjón sem verður á fasteignum, innbúi og lausafé vegna sjávarflóða.

Upplýsingar hafa borist um sjávarflóð í Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ og rof kom í sjóvarnargarðinn í Grindavík.

Almennt

Aðgerðir viðbragðsaðila hafa gengið vel. Almennigur reyndist vel undirbúinn og fór að tilmælum viðbragðsaðila og yfirvalda.